

8. gr.

74

7. des.

Einkaleyfaskrá sá, sem ráðuneytið heldur samkvæmt 18. gr. einkaleyfaganna og um ræðir í 6. gr. hjer að framan er þannig gjörð, að í henni eru dálkar, þar sem rituð er eftirfarandi skilgreining á hverju veittu einkaleyfi:

1. Númer einkaleyfisins á einkaleyfaskránni, aðalefni leyfisins, tilvísun til veitts aukaleyfis, eða ef sjálft einkaleyfið er aukaleyfi, tilvísun til þess, hvaða nr. frumleyfið hafi á einkaleyfaskrá.
2. Nafn einkaleyfishafa, staða og heimilisfang.
3. Nafn umboðsmanns einkaleyfishafa, staða og heimilisfang.
4. Dagur sá, er einkaleyfisumsóknin var borin upp.
5. Dagur, er einkaleyfið var veitt og innritað í einkaleyfaskrána.
6. Dagur, er einkaleyfið fjell úr gildi og ástæða til þess.
7. Hvenær einkaleyfagjöldin sjeu greidd og upphæð þeirra.
8. Athugasemdir.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. janúar 1924 og birtist hjermeð til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. des. 1923.

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Huldu Árnadóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 10. desember 1923. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Huldu Árnadóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Huldu Árnadóttur,“ og er hann stofnaður með 300 — þrjú hundruð — krónum af foreldrum og bróður Huldu Árnadóttur í Stóra-Dunhaga, sem er fædd 28. janúar 1906, dáin 6. júní 1922.

75

10. des.

2. gr.

Sjóðinn má auka með gjöfum og með því að gefa út minningarspjöld, sem afhendast þeim, er gefa vilja sjóðnum gjafir til minningar um látna vini.

3. gr.

Á 50 ára afmæli hinnar látnu, eða 28. jan. 1956 skal fara að verja hálfum ársvöxtum til styrktar ungum stúlkum í sóknum þeim, sem nú heyra undir Möðruvallaklausturs- og Bægisárprestaköll, er nema vilja eitthvað er lýtur að hjúkrun manna, og á 100 ára afmæli hennar, eða 28. jan. 2006, má fara að verja $\frac{9}{10}$ hlutum ársvaxtanna í sama augnamiði, $\frac{1}{10}$ leggist ávalt síðan við höfuðstólinn.

Skilyrði fyrir styrknum eru: að styrkþegar sjeu góðar og siðsamar og að dómi stjórnarinnar hans verðar, án tillits til efnahags eða annara ástæðna.

4. gr.

Sjóðinn skal ávalt ávaxta á sama hátt og lög mæla fyrir um fje ófjárráðra.

5. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd og skulu sjálfkjörnir sóknarprestur Möðruvallaprestakalls og hreppstjóri Skriðuhrepps. Þriðja meðlim stjórnarnefndarinnar, sem ávalt skal vera kona, kjósa sóknarnefndir hlutaðeigandi sókna í sameiningu. Nefndin kys sjer sjálf formann, sem um leið er reikningshaldari sjóðsins.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal árlega senda reikninginn sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu til endurskoðunar og samþykta. Að því búnu skal hann innfærður í þar til gjörða bók, sem einnig skal innihalda skýrslur um störf stjórnarnefndarinnar, gjafir til sjóðsins samkv. 2. gr., styrkveitingar o. s. frv.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leitað konungsstaðfestingar.

Stóra-Dunhaga, 28. jan. 1923.

Árni Jónsson. Steinunn Stefánsdóttir. Stefán Árnason.